MENNTASTEFNA VOPNAFJARÐAR

2026-2029

TRAUST VIRÐING VELLÍÐAN
Vopnafjarðarhreppur

Efnisyfirlit

Formáli 2

Inngangur 2

Framtíðarsýn 3

1. Nám við allra hæfi 4

2. Kennsla í fremstu röð 4

Markmið 5

Áherslur menntastefnu 5

3. Hæfni fyrir framtíðina 6

4. Starfs-, iðn- og tækninám 7

5. List-, verk- og nýsköpunarmenntun 8

Áherslur menntastefnu 8

6. Vellíðan í öndvegi 9

7. Gæði og stöðugar umbætur 10

8. Ábyrgð, samstarf og væntingar 11

Sérstök áhersla Vopnafjarðarhrepps 12

Innleiðing og eftirfylgni 12

Menntastefna Vopnafjarðar - Traust, virðing og vellíðan

Formáli

Við vinnu að stefnunni var tekið mið af Menntastefnu stjórnvalda 2022-2030. Allir starfsmenn leik og grunnskóla, foreldraráð Brekkubæjar, sveitarstjórn, fjölskylduráð, skólaráð og ungmennaráð tóku þátt í að móta menntastefnuna fyrir sveitafélagið.

Verið er að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla stjórnsýslu og starfsemi í gegnum verkefnið Barnvæn sveitarfélög. Þá er leitast við að láta alla stefnumótun taka mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Markmiðin eru samofin og samverkandi en mikil tenging er við menntastefnu stjórnvalda, þá sérstaklega markmið um menntun fyrir alla og markmið um heilsu og vellíðan.

Inngangur

Menntastefna Vopnafjarðarhrepps byggir á lögum um leik- og grunnskóla, aðalnámskrá og stefnu stjórnvalda um menntun fyrir alla. Stefnan endurspeglar vilja sveitarfélagsins til að tryggja öllum börnum og

ungmennum jöfn tækifæri til náms og þroska, óháð búsetu, uppruna eða aðstæðum.

Menntastefnan tekur til leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs og leggur áherslu á heildstæða sýn þar sem farsæld barna, fagmennska starfsfólks og samstarf við heimili og samfélag eru í forgrunni.

Framtíðarsýn

Vopnafjarðarhreppur vill byggja upp öflugt og framsækið skólasamfélag þar sem:

- Öll börn fá nám við hæfi.
- Vellíðan og geðheilbrigði eru í öndvegi.
- Fagmennska, nýsköpun og stöðugar umbætur einkenna skólastarf.
- Nemendur öðlast hæfni til að takast á við tæknilega og samfélagslega framtíð.
- Samstarf skóla, heimila og samfélags er traust og markvisst.

Megináherslur menntastefnunnar

Meginmarkmið menntastefnunnar er að skapa öllum börnum og ungmennum á Vopnafirði öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel, þar sem ríkir traust, virðing og vellíðan.

1. Nám við allra hæfi

Leikskólinn Brekkubær og Vopnafjarðarskóli taka mið af þörfum, getu og hæfni sérhvers nemanda og vinna út frá styrkleikum og áhuga hvers og eins. Vopnafjörður er fjölmenningarsamfélag og nýtir þá auðlind sem felst í fjölmenningarlegu skólastarfi. Vopnafjörður mun áfram fagna margbreytileika samfélagsins og nýta þekkingu innflytenda svo það nýtist skólum og samfélaginu sem best og stuðla þannig að jafnrétti . Nám þarf að endurspegla samfélagið sem það þjónar, þannig að það sé fjölbreytt, réttlátt og lýðræðislegt. Þetta getur líka falist í menntun á fjölmenningarlegum samfélögum, umhverfisvernd og jafnrétti.

Markmið

Að tryggja að allir nemendur fái stuðning og áskoranir við hæfi og finni sig í menntakerfinu.

Áherslur

- Snemmtæk íhlutun og stigskiptur stuðningur á öllum skólastigum.
- Aukið aðgengi að sérkennslu og sérfræðingum.
- Markviss móttaka og stuðningur við nemendur af erlendum uppruna.
- Samfella milli leikskóla og grunnskóla.
- Áhersla á aga, virðingu og jákvætt skólaumhverfi.

2. Kennsla í fremstu röð

Menntakerfi framtíðar kallar á aukna nýsköpun og mikla samvinnu. Þörf er á aðkomu fólks með fjölbreytta sérþekkingu til að móta þetta

framtíðarmenntakerfi. Nám þarf að endurspegla samfélagið sem það þjónar, þannig að það sé fjölbreytt, réttlátt og lýðræðislegt. Þetta getur líka falist í menntun á fjölmenningarlegum samfélögum, umhverfisvernd og jafnrétti.

Markmið

Að efla fagmennsku, nýliðun og faglega þróun starfsfólks. Stuðla að því að kennarar og skólastjórnendur séu með þekkingu á nýjustu aðferðum í kennslu og séu hvetjandi fyrir nemendur.

Áherslur menntastefnu

- Halda í og efla menntað starfsfólk.
- Styðja starfsfólk til frekari menntunar og sérhæfingar.
- Skapa rými til faglegs sjálfstæðis og þróunar.
- Efla markvissa skólaþróun.
- Auka nýliðun og fjölbreytni í sérþekkingu innan skólanna.



3. Hæfni fyrir framtíðina

Læsi er hluti af þjóðmenningu okkar og grundvöllur lífsgæða. Það er lykill að því að fólk geti lesið sér til gagns og gamans. Læsi endurspeglar hæfni fólks til að skynja og skilja umhverfi sitt, náttúru og samfélag á gagnrýninn hátt, auk þess sem það eflir virka þátttöku í mótun þess.

Samfélagsleg ábyrgð

Leitast verður við að tryggja virkni alls samfélagsins við að bæta læsi, með sérstakri áherslu á aðkomu heimila og bókasafna

Áherslur menntastefnu

Menntastefna leggur sérstaka áherslu á málskilning, lesskilning, tjáningu, ritun og hlustun. Einnig er lögð áhersla á aðgerðir sem miða að því að mæta þeim sem glíma við lestrarörðugleika.

a. **Læsi í víðum skilningi**
    - Áhersla á lesskilning, gagnrýna hugsun og fjölbreytt læsi.
    - Efling fjármálalæsis og umhverfislæsis.
    - Val bókmennta sem taka mið af áhuga og fjölbreytileika nemenda.

b. **Stafræn færni**
    - Kennsla í upplýsingalæsi, miðlalæsi og tæknilæsi.
    - Ábyrg og uppbyggileg notkun stafrænnar tækni.
    - Þjálfun í ritvinnslu, fingrasetningu og stafrænum verkfærum.
    - Jafnt aðgengi að tækjabúnaði.
    - Hugað verður einnig að notkun nemenda á samfélagsmiðlum, kennd ábyrg nethegðun og helstu reglur um örugg stafræn samskipti.

4. Starfs-, iðn- og tækninám

- Aukið samstarf við fyrirtæki og atvinnulíf.
- Starfskynningar og staðbundin verkefni.
- Fjölbreyttara námsframboð og aukið val.
- Ungt fólk, óháð kyni, skal boðið upp á starfsnám sem hentar þeim og grunnskólanemendur fái kennslu í iðn- og tæknigreinum.
- Nemendum á unglingastigi sé veitt innsýn í fjölbreytt starfs-, iðn- og tækninám, með skipulögðum hætti kynnt námsleiðir sem bjóðast og starfsmöguleika í kjölfar þeirra.

c. Náms- og starfsráðgjöf

- Náms- og starfsráðgjöf á að vera aðgengileg, óháð aldri og búsetu, og veitt af þar til bærum sérfræðingum.
- Farsæll námsferill krefst stöðugrar náms- og starfsráðgjafar.

5. List-, verk- og nýsköpunarmenntun

Í list- og verkgreinum felast tækifæri til að þroska huga og hönd við lausnamiðað starf og nýsköpun. Listsköpun í námi og áhersla á verkgreinar styrkir hagnýtingu þekkingar og mótar framtíðarumhverfi nemenda á jákvæðan hátt.

Markmið

Að efla sköpun, gagnrýna hugsun og hagnýta færni.

Allir nemendur skulu hafa hæfni til að beita rökvísi og ígrundun, auk þess að hafa hugrekki til að skapa. Lögð skal áhersla á sköpun í öllu skólastarfi til að stuðla að persónulegum þroska, frumkvæði og nýsköpun.

Áherslur menntastefnu

- Auka fjölbreytni í list- og verkgreinum.
- Tryggja að nemendur fái val og svigrúm til að blómstra.
- Efla nýsköpun og frumkvæði.
- Nýta samfélagið, fyrirtæki og sérfræðinga í kennslu.
- Styrkja tengsl við td. Nýtingamiðstöð og Austurbrú.

6. Vellíðan í öndvegi

Leitað skal leiða til að stuðla að aukinni heilsueflingu á öllum skólastigum en Vopnafjarðarskóli er heilsueflandi grunnskóli og Brekkubær er heilsuleikskóli.

Mikilvægt er að fylgjast með líðan allra nemenda og bregðast skjótt við með viðeigandi aðgerðum í góðri samvinnu heimila, skóla og annarra fagaðila. Gætt skal að jafnréttissjónarmiðum og tryggt að nemendum stafi ekki ógn af andlegu, líkamlegu, kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi, áreitni og einelti. Í því sambandi er mikilvægi kynfræðslu áréttað.

Markmið

Að stuðla að jákvæðu, öruggu og heilsueflandi skólaumhverfi. Gæta skal að tilfinningalegri og félagslegri heilsu nemenda og stuðla að þeim aðstæðum í daglegu lífi sem stuðla að sem bestri líðan. Á öllum skólastigum, í skólagerðum og í frístundastarfi verður áhersla lögð á forvarnir með kennslu og þjálfun í hegðunar-, félags- og tilfinningafærni til að styrkja nemendur. Þetta ferli styrkir einnig grunninn að því að fyrirbyggja óheilbrigð samskipti og ofbeldi.

Áherslur menntastefnu

- Geðrækt og félags- og tilfinningafærni.
- Virkt forvarnarstarf.
- Aðgengi að ráðgjöf og utanaðkomandi stuðningi.
- Virk þátttaka nemenda í gegnum ungmennaráð og nemendaþing.
- Barnvænt samfélag í framkvæmd.
- Í skóla-, íþrótta- og æskulýðsstarfi er unnið að eflingu umburðarlyndis, mannréttinda- og lýðræðisvitundar.

7. Gæði og stöðugar umbætur

Samstarf, skýr ábyrgð og samþætting innan og milli kerfa eru rauður þráður menntastefnu. Heildstæð skólaþjónusta með áherslu á samábyrgð, stigskiptan stuðning í námi og stuðning við foreldra og starfsfólk skóla verður í forgrunni á öllum skólastigum.

Gera þarf kröfur um góða íslenskufærni barna jafnt sem fullorðinna sem hafa annað móðurmál en íslensku og að nemendur hafi möguleika á að leggja rækt við móðurmál sitt samtímis aukinni færni í íslensku.

Markmið

Að tryggja markvisst gæðastarf og sífellda þróun skólastarfs.

Áherslur

- Reglulegt mat og eftirfylgni með markmiðum.
- Virk þátttaka starfsfólks og nemenda í umbótastarfi.
- Samræming við aðalnámskrá og framtíðarsýn sveitarfélagsins.
- Áhersla á jafnræði og jöfn tækifæri allra nemenda.

Efla þarf ytra og innra mat á skóla- og fræðslustarfi í samræmi við menntastefnu og samræmda árangursmælikvarða. Það skal unnið út frá skýrum og rökstuddum viðmiðum og fela í sér skipulega söfnun, greiningu og túlkun gagna. Mikilvægt er að skýr ábyrgð sé á framkvæmd og gæðum skóla- og fræðslustarfs.

8. Ábyrgð, samstarf og væntingar

Foreldrar eru mikilvægir bandamenn menntakerfisins og búa yfir ómetanlegri þekkingu sem nýta þarf í þágu nemenda til að skólaganga þeirra verði farsæl. Áhersla er lögð á gott samstarf heimila og skóla þar sem gagnkvæm virðing og traust er viðhaft. Til mikils er að vinna til að efla árangur og hlúa að þekkingu, þrautseigju og hamingju nemenda.

Foreldrar ólögráða nemenda bera ábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna, þó að nemendur beri ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af aldri og þroska.

Markmið

Að efla samábyrgð og gagnkvæmt traust milli skóla, heimila og samfélags.

Áherslur

- Skýr ábyrgð og samþætt þjónusta.
- Aukið upplýsingaflæði milli skóla, frístundar og heimila.
- Skýrar og raunhæfar væntingar til nemenda um þrautseigju og námsframvindu.
- Virk þátttaka foreldra og bætt upplýsingamiðlun.
- Stuðningur við foreldra af erlendum uppruna.

Sérstök áhersla Vopnafjarðarhrepps

Vopnafjarðarhreppur leggur sérstaka áherslu á að:

- Að halda í og efla öflugan mannauð.
- Að styrkja stoðþjónustu og snemmtækan stuðning.
- Að bæta aðbúnað til raunvísinda, íþrótta og verkgreina.
- Að efla markvissa skólaþróun.
- Að styrkja geðheilbrigðismál innan skólanna.
- Að auka fjölbreytni og nýsköpun í námi.

Innleiðing og eftirfylgni

Menntastefna sveitafélagins verður innleidd í samstarfi við skólastjórnendur, starfsfólk leik- og grunnskóla, nemendur og foreldra

- Gerð verður aðgerðaráætlun til 4 ára
- Regluleg endurskoðun fer fram
- Árangur verður metinn með mælanlegum viðmiðum þar sem við á.

https://www.barnasattmali.is/

https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin/

https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/menntastefna/

samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 19.03.2026